

## *Reglur*

*um þóknun kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum og ráðum á vegum Langanesbyggðar*

### 1. gr.

Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórn, aðal- og varamenn fá greitt sem nemur 1,82% af þingfarakaupi fyrir hvern fund sem þeir sækja. Nefndarmenn fá greitt sem nemur 0,91% af þingfarakaupi. Fulltrúar í öðrum nefndum og ráðum fá greitt sem nemur 0,45% af þingfarakaupi

Formenn nefnda og oddviti fá greitt 100% álag vegna undirbúnings.

### 2. gr.

Vegna funda á vegum sveitarfélagsins utan þess, skal fulltrúum þess greitt sem svarar 2,27% af þingfarakaupi fyrir hvern heilan dag. Fyrir fjarveru vegna fundar í hálfan dag, allt að fjórar klukkustundir, skal greitt sem nemur hálfu þessu gjaldi.

### 3. gr.

Greitt skal akstursgjald fyrir ferðir á fundi í sveitarstjórn, nefndir og ráðum á vegum sveitarfélagsins innan þess. Ekki er greitt fyrir akstur á fundi innan 5 km.

Ferðakostnaður og uppihald, vegna starfa í þágu sveitarfélagsins utan þess, er greitt af sveitarfélaginu, skv. reglum um ferðakostnað ríkisstarfsmanna.

### 4. gr.

Upphæðir á þóknun til sveitarstjórnarmanna og annarra skal endurskoða árlega í upphafi hvers árs.

*Þannig samþykkt á fundi sveitarstjórnar 13. desember 2018.*

Elías Pétursson,  
sveitarstjóri